

Alþingi  
Erindi nr. P 141/503  
komudagur 14. 11. 2012



BARNAVERNDARSTOFA

Alþingi, nefndasvið  
Þórshamri v/Templarasund  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 13. nóvember 2012  
Tilvísun : 2012010113/33

**Efni: Umsögn Barnaverndarstofu um tillögu til þingsályktunar um jafnt búsetuform barna sem búa á tveimur heimilum, 152. mál.**

Barnaverndarstofa vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 30. október sl., þar sem stofunni var gefið tækifæri á að gefa velferðarnefnd Alþingis umsögn um tillögu til þingsályktunar um jafnt búsetuform barna sem búa á tveimur heimilum, 152. mál. Þakkar Barnaverndarstofa fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um tillöguna.

Barnaverndarstofa telur það jákvætt að skipa sérstakan starfshóp til þess að fara yfir jafnt búsetuform barna sem búa á tveimur heimilum. Stofan telur nauðsynlegt að slíkum starfshópi verði, auk þeirra atriða sem tillagan nefnir, falið að kortleggja á hvaða sviðum er aðstöðumunur á milli heimila og í hverju hann felst. Er það mat stofunnar að slík vinna hljóti að þurfa að vera grunnur að því að setja fram skynsamlegar tillögur varðandi með hvaða hætti er mögulegt að jafna aðstöðumun á milli heimila barna.

Barnaverndarstofa veitir velferðarnefnd Alþingis fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á verði óskað eftir því.

Virðingarfyllst  
f.h. Barnaverndarstofu

Heiða Björg Pálmadóttir  
Heiða Björg Pálmadóttir  
lögfræðingur Barnaverndarstofu

